

Sjö árum eftir að “Gagnrýni hinnar hreinu skynsemi” kom út birtist “Gagnrýni hinnar nytsömu skynsemi”. Það eru til mjög skiftar skoðanir um það hvor þessara bóka sýni hinn verulega Kant betur. Sumir halda fram að með þeirri síðari hafi hann viljað bæta upp að nokkru það sem hann eyðilagði með hinni fyrri, nefnilega hinar viðteknu heimspekis—og trúarskoðanir; aðrir fullyrða að í hinni síðari komi hin verulega sannfæring Kants engu síður í ljós en í hinni fyrri. Í raun og veru er engin ástæða til að halda að öðru vísi sé, jafnvel þó að hægt sé að finna mótsagnir í skoðunum þegar báðar bækurnar eru bornar saman, sé alt frá einni hlið skoðað, en það er einmitt það sem Kant ætlast ekki til að sé gert.

Maðurinn er ekki einungis skynsemi gædd vera, heldur einnig *vilja* gædd vera. Kant álfur viljann miklu þýðingarmeiri en skynsemina í lífi mannanna yfirleitt. Skynsemin er takmörkuð á alla vegu af erfiðleikum, sem hún getur ekki yfirstigið, viljanum eru allir vegir færir; skynsemin verður að begja sig fyrir efasemdunum, viljinn þekkir engar efasemdir; skynsemin gefur oss engin óyggjandi sannindi, er ná út fyrir þann heim, sem vér lifum í, viljinn þekkir eilíf og óyggjandi sannindi. Hvað er nú viljinn, og á hvern hátt er starfsvið hans frábrugðið starfsviði skynseminnar? Frá því skýrir Kant í “Gagnrýni hinnar nytsömu skynsemi.”

Siðferðislög eru annaðhvort lífsreglur, sem einstaklingurinn myndar sér, eða þau eru almenn lög, sem gilda fyrir hvern mann. Í hvert sinn sem einhver lífsregla er menn breyta eftir miðar til þess að auka farsæld eða ánægju þeirra, sem fylgja henni, þá er hún aðeins lífsregla, sem getur verið gagnleg til að ná einhverju því sem menn alment sækjast eftir, en sem þrátt fyrir það ekki getur verið bindandi sem siðferðislögmál fyrir alla. Til þess að geta orðið það má hún ekki á nokkurn hátt miða til þess að uppfylla kröfur manna eða óskir, sem lúta að þeirra eigin vellíðun og hagsæld, vegna þess að allar slíkar kröfur eru á eigingirni bygðar; og eigingirni, í hvaða mynd sem er, er ósamrýmanleg við siðferðislög þau, sem eiga að gilda jafnt fyrir alla menn. Siðferðislögin verða þess vegna að vera laus við alt